

FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2001-01

Fundartími: Föstudagur 9. febrúar 2001 kl. 13:00

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Störf raforkuhóps.
 - 2) Raforkunotkun ársins 2000.
 - 3) Fréttatilkynning um raforkunotkun ársins 2000.
 - 4) Störf jarðvarmahóps.
 - 5) Störf eldsneytishóps.
 - 6) Eldsneytisspá.
 - 7) Önnur mál.
-

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Porkell Helgason
Jón Rúnar Sveinsson
Magnús Magnússon
Pétur E. Þórðarson
Eiríkur Bogason

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Árni Ragnarsson

1. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps sem hefur haldið tvo fundi frá því nefndin kom síðast saman. Teknar hafa verið saman

upplýsingar um raforkuvinnslu og heildarnotkun ársins 2000 og fréttatilkynning um það efni. Byrjað er að innheimta notkunarflokkar af raforku og afgangi fyrir síðasta ár.

2. JV dreifði töflum um raforkunotkun 2000. Hann sagði að tölurnar væru nánast endanlegar þar sem einungis vantar smávægilega vinnslu í dieselstöðvum. JV sagðist ekki vera búinn að fá töpin fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupsstað og Bæjarveitur Vestmannaeyja en þar væru töpin sérstaklega áætluð.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 6,9%. Aukning stórnotkunar var 9,3%, almenn notkun jókst um 4,5% og flutningstöp minnkuðu um 9,8%. Aukning í forgangsortku almennrar notkunar var 3,5% og 12,3% í ótryggðri orku. JV benti á að hægt hefði á aukningu almennrar forgangsortku á seinni hluta síðasta árs.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðrétta út frá lofthita. Meðalhiti á síðasta ári var svipaður og í meðalári, þó aðeins hærri, en árið á undan var jafn hlýtt og meðalár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 4,3% (úr 4,5%) og aukning forgangsortku verður 3,3% (úr 3,5%).

3. JV dreifði drögum 2 að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs. Hann sagði að raforkuhópurinn hefði fjallað um hana á síðasta fundi sínum. Hann sagði að notkun á íbúa væri ekki komin yfir þá tölu í Noregi eins og menn höfðu átt von á. Einnig benti hann á hve mikið raforkunotkun hefur aukist frá 1996 sem jafngildir allri almennri notkun það ár. PEP benti á að nefna mætti að ótryggð orka hefði færst yfir í forgangsortku hjá stóriðju. ÞH bað um að fréttatilkynningin yrði send til ráðherra sem trúnaðarmál degi áður en hún fer til fjölmiðla. MM sagði að algengt væri nú að fréttatilkynningar væru senda samtímis til allra og einnig benti hann á að gerðar væru áætlanir í upphafi árs um allar fréttatilkynningar ársins og þær dagsettar. Samþykkt var að senda fréttatilkynninguna fyrst til ráðherra orkumála.
4. ÁR sagði að það hefði ekki verið neinn fundur í jarðvarmahópi Orkusparnefndar frá því nefndin kom síðast saman. Hann sagði að koma þyrfti þessari vinnu áfram og rætt hefði verið við JV um að hann kæmi inn í þetta starf varðandi spárhlutann en að Orkustofnun sæi um gagnabáttinn. Eftir er að útfæra þessa vinnu nánar. Einnig benti hann á að þetta kallaði á aðkeypta vinnu fyrir Orkustofnun og að stofnunin stæði að fullu undir þessum kostnaði en það hefur verið nefnt hvort hitaveiturnar væru tilbúnar til að taka þátt í honum svipað og rafveiturnar gera varðandi raforkuspána. EB ætlar að kanna viðhorf hitaveitnanna.

5. JV dreifði einu blaði um störf eldsneytishóps Orkuspárnefndar sem hefur haldið 4 fundi frá því nefndin kom síðast saman. JV sagði að þetta starf hefði aðeins dregist þar sem hann hefði verið upptekinn í nóvember og desember af persónulegum ástæðum. Drög að skýrslu liggja nú fyrir og að undanfögnu hefur mest verið rætt um notkun við fiskveiðar og í millilandaflugi. Rætt hefur verið við starfsmann Fiskifélagsins um olíunotkun fiskiskipa og forsendur samræmdar þeim tölum sem hann hefur verið með.
6. JV dreifði drögum 2 að skýrslu um eldsneytisspá. Hann sagði að drög lögju fyrir að öllum köflum og viðaukum en eftir væri að ganga frá english summary. Hann taldi að notkun fiskiskipa og notkun í millilandaflugi mundi vekja einna mestu athygli og þyrfti nefndin að vera tilbúin að svara spurningum og efasemdum um aukningu í þeim geirum. JV sagði að eldsneytishópurinn legði til að spáin yrði ekki gefin út fyrr en rauntölur síðasta árs lögju fyrir sem ætti að geta orðið í apríl. Þetta var samþykkt. ÞH sagði að nota mætti tímann til að senda drögin til þeirra sem hefðu komið á fundina til að fá athugasemdir frá þeim. Samþykkt var að gera slíkt.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 11. maí kl 13:30. Fundi slitið kl. 15:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- "Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 9. febrúar 2001. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita. (JV)
- Raforkunotkun hjá einstaka veitum. (JV)
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2000. Drög 2. (JV)
- Eldsneytisspá 2000-2030". Drög 2. (JV)